

Ólöf Nordal:

Hugrekki til að ganga alla leið –

Forsætisráðherra, stjórn Samtaka atvinnulífsins og aðrir góðir gestir.

Ég vil þakka Samtökunum fyrir að gefa mér tækifæri til að leggja orð í belg hér í dag.

Yfirskrift þessa fundar er við hæfi, enda óhætt að segja að við séum í miklu umróti og öldugangi um þessar mundir.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem við Íslendingar lendum í kröppum dansi, hvort sem er á sviði efnahagsmála eða í eilífum átökum við náttúruöflin, í baráttu fyrir því að eiga heima í þessu landi. Það er hollt að minnast forfeðra okkar sem máttu búa við þröngan kost alla sína ævi og sáu aldrei fram á bjartari daga. En áfram héldu þeir, með vonina að vopni. Trúin á bjartari tíma hefur ætíð fleytt okkur á lygnari sjó.

En fleira þarf til, mannanna ákvarðanir geta skilið milli feigs og ófeigs og með hverri ákvörðun sem við tökum í dag, þurfum við að gæta að því hvaða áhrif hún hefur á komandi kynslóðir. Hverjar eiga áherslur okkar að vera og hvar eigum við að leggja okkur fram?

Við Íslendingar höfum náð verulegum árangri á síðustu 100 árum. Er ástæða þess fyrst og fremst sú, að við trúum því að við höfum brýnt erindi sem sjálfstæð þjóð. Með því að leggja okkur öll fram, og hafa hugrekki til að ganga alla leið í því sem við höfum tekið okkur fyrir hendur, höfum við komist jafn langt og raun ber vitni.

Það er meginstyrkur þjóðarinnar að hafa ávallt viljað standa sig vel og hafa verið óhrædd við að takast á við sér miklu stærri þjóðir, hvort sem það var vegna fiskimiðanna, eða nú síðustu árin, í harðri samkeppni alþjóðaviðskiptanna.

Góðir gestir,

Í kvæði sínu, Fullkomleikinn, kemst Stephan G Stephansson svo að orði á einum stað:

Að hnjóta um lífsins hála svið,

að hrasa og falla – en upp á við,

er ferill að framfara auði.

Þetta orti Stephan árið 1891, og vissi harla margt um hve lífsbaráttan gat verið erfið. Hann reyndi á eigin skinni að koma frá fátækum dal á Íslandi og hefja nýtt líf á sléttum Kanada þar sem hann þurfti að læra að takast á við landið og náttúruna sem hagaði sér á annan hátt en hér heima. Mér finnst þessi orð hans eiga jafnvel við núna og þá. Engin framþróun er átakalaus. Að hrasa og verða fyrir áföllum verður aldrei umflúið, en þá gildir líka að sigrast á þeim og muna að stefnan á ætíð að vera sú sama, upp á við.

Fyrir hundrað árum, við upphaf 20. aldar, stóðum við í harðvítugri sjálfstæðisbaráttu. Við fengum loks ráðherra 1904, heimastjórnarárin voru framundan, átök um hvernig best væri að losa okkur

endanlega undan Dönum, konur börðust fyrir kosningarétti og með komu símans 1906 komumst við í samband við umheiminn. Því má halda fram að þar hafi alþjóðavæðingin hafist og enn í dag gegna fjarskipti lykilhlutverki í framþróun í heiminum og gefa fólki kost á að sinna verkum sínum hvar og hvenær sem er.

Íslenskan og íslensk menning hafa gegnt lykilhlutverki í þroska þjóðarinnar, hún hefur frjóvgað okkar menningararfleifð og við vekjum athygli og forvitni meðal erlendra þjóða vegna sögu og sérkenna landsins. Horfum aðeins til baka. Af hverju börðumst við fyrir því að fá handritin heim? Af því að okkur fannst við eiga þau og okkur fannst þau skipta miklu máli í því að sanna fyrir okkur sjálfum að við værum þjóð með sögu og merkan menningararf.

Þetta er í hnotskurn það sem ég vona að Ísland njóti í framtíðinni. Að við höldum í sérkenni okkar og menningu. Að við menntum þjóðina í því að ná langt og vera um leið hún sjálf. Þjóð í Norðurhöfum, með stórt hjarta.

Ágætu fundarmenn.

Nú eru margir farnir að tala fyrir inngöngu í Evrópusambandið. Hvort sjálfstæði okkar sé best borgið með því að binda trúss okkar við ákveðin þjóðarbandalög er vissulega mikilvægt athugunarefni. Og í rauninni hlýtur spurningin um það hvernig lítil þjóð sér hagsmunum sínum best borgið ætíð að vera mönnum ofarlega í huga. Er það með því að bindast bandalagi við þær stærri, halla sér að þeim minni eða standa utan bandalaga?

Eitt er þó víst að það er óraunhæft að fjalla um þessi mikilvægu mál án þess að viðurkenna að grundvallarumræða um stjórnskipun landsins hefur ekki farið fram. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að við ættum að læra af reynslunni þegar EES-samningurinn var innleiddur hér og ég held því fram að þorri landsmanna hafi ekki gert sér grein fyrir því valdaframsali sem í honum fólst. Við verðum að koma okkur saman um stjórnarskrárbreytingar fyrst og við vitum að það tekur nokkur ár að koma slíkum breytingum fram.

Það er hins vegar aðeins til bölvunar að blanda þessum málum inn í umræður um lausn þeirra aðkallandi vandamála sem nú eru komin upp í efnahagslífinu. ESB aðild tryggir ekki aðild að evrusvæðinu nema Ísland hafi þegar uppfyllt ströng skilyrði um lága verðbólgu, stöðugt gengi og sterk ríkisfjármál.

Fjármálavandinn nú stafar fyrst og fremst af ytri vanda sem á okkur dynur. Við hann verðum við að berjast með öllum tiltækum vopnum. Að því loknu verður að draga af honum lærdóm og ákveða hvaða leiðir eru farsælastar til að styrkja kerfið til framtíðar. Það er því brýnasta verkefni dagsins að ná efnahagsjafnvægi, hvort sem við sjáum að því loknu þörf á að breyta stöðu okkar í efnahagskerfi heimsins eða ekki. Það verður ekki útkljáð fyrr en að þessu verki loknu. Við höfum ekki tíma til slíkra hluta nú.

Virðulega samkoma.

Þegar við horfum fram veginn er einungis eitt öruggt – það verða stöðugar breytingar eða; breytingar eru hið eina stöðuga ástand sem við sjáum fram á.

Sannleikurinn er sá að atvinnulíf okkar er fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr. Sjávarútvegurinn, iðnaðurinn, menntakerfið og bankastarfsemin, svo eitthvað sé nefnt, er rekin áfram af frumkvæði, rannsóknnum, þekkingu og verkunnáttu. Vandí okkar hefur hins vegar gjarnan verið sá að stilla atvinnuvegum okkar upp gegn hverjum öðrum og hossa einum í dag og öðrum á morgun.

Það er of algengt að einn atvinnuvegur sé gripinn á lofti og látið eins og enginn annar sé til. Núna er aftur farið að tala um útflutningsgreinarnar, í fyrra áttu allir að vinna í banka, fyrir nokkrum árum voru netfyrirtækin svarið. Þetta viðhorf gerir ekkert annað en að grafa undan atvinnulífinu í landinu. Við þurfum skýra sýn og hún er sú að fjölbreytt atvinnulíf skapar traustar undirstöður fyrir þjóðarbúið. Allar atvinnugreinar eru jafngóðar, þær hafa allar rétt á að vaxa og dafna í samræmi við getu sína og samkeppnishæfni. Og það má aldrei hugsa þannig að þótt ein atvinnugrein gangi vel eigi hún að leysa öll vandamál í landinu.

Af hverju höfum við öðlast mikla þekkingu á bankarekstri og í viðskiptalífinu? Það er vegna þess að það er gott að reka fyrirtæki hérna, góð menntun í viðskiptum og umhverfið er gott, nógu gott til að halda í þau fyrirtæki sem hér eru. En við verðum að vera með besta umhverfið – ekki næstbesta. Þannig sköpum við tækifæri. Í því efni vil ég nefna nokkur atriði sem ríkið getur lagt af mörkum. Við verðum að halda áfram að skapa atvinnulífinu hagfelld skattaumhverfi og í því skyni nefni ég nauðsyn þess að halda áfram að lækka skatta á fyrirtæki. Þótt að það sé ekki hægt að fara í frekari skattalækkanir á þessari stundu er það eindregin skoðun mín að slíku eigum við að vinna. Ég vil líka nefna réttaröryggi og síðast en ekki síst rannsóknar- og þróunarumhverfi. Við þurfum að hafa hugrekki til að ganga alla leið á þeim sviðum þar sem við viljum hafa sérstöðu og þar sem við stöndum okkur best.

Jafnvel landbúnaður sem nú stendur höllum fæti gæti gengið í endurnýjun lífdaga vegna þess að við höfum það sem þarf, land og hreint vatn – vantar reyndar örlítið upp á veðrið en með jarðhitnum, þeirri mikilvægu auðlind, er hægt að skapa tækifæri þar – og við höfum þekkingu til að nýta hann..

Heimurinn er stöðugt að breytast. – Í dag er verið að byggja heilu borgirnar í Asíu sem voru nafnlausar í gær en verða á næsta áratug orðnar stærri en London og París. Það er gengið hraðar á auðlindir jarðar en okkur óraði fyrir. Þetta mun kalla á nýja hugsun og nýjar leiðir, jafnvel byltingar. Við erum lítil þjóð en ég er sannfærð um að það verður eflaust svigrúm fyrir alla krafta okkar og þekkingu í þessari nýju heimsmynd ef við kunnum með að fara.

Við skulum hafa hugrekki til að styrkja grunninn. Höldum áfram að stórefla menntun og rannsóknir, eflum sérhæfingu og sköpum atvinnulífinu skilyrði til að vaxa og dafna. Á því byggjum við framtíðina.

Fundarmenn góðir!.

Ég ætla að ljúka þessum hugleiðingum mínum á því að lesa í heild erindið hans Stephans G. sem ég vitnaði til í upphafi:

Að hnjóta um lífsins hála svið,
að hrasa og falla – en upp á við,
er ferill að framfara auði.

Og heiminn ei bagar um heilagleik enn,
En hann þyrfti stærri og göfugri menn,
En langfærri saklausa sauði.

